

144. Ólafur Ísleifsson (Indlæg)

Frú forseti. Ég þakka mikilvæga skýrslu um norræna málstefnu. Aukið norrænt samstarf byggist ekki síst á því að við getum átt samskipti á hinum skandinavísku tungum þrátt fyrir ásókn enskunnar. Þess vegna er mikilvægt að einstök lönd fylgi stefnu sem miðar að sameiginlegum málskilningi. Við í flokkahópi miðjumanna styðjum að slíkri stefnu sé fylgt fast eftir. Við teljum sérlega mikilvægt að ungt fólk geti skilið og tjáð sig á öðrum norðurlandtungum. Taka má dæmi af vinsælu sjónvarpsefni sem stuðlar að þessu markmiði. Norska þáttroðin Skam er dæmi um alþýðumenningu sem getur stuðlað að því að opna fyrir okkur annað norrænt tungumál. Brúin er annað dæmi þar sem saman fara danska og sænska. Íslenska þáttaröðin Ófærð hefur notið vinsælda um öll Norðurlönd og veitir innsýn í íslenskt tungutak samtímans. Ég get tekið annað dæmi frá mínu heimalandi, Íslandi, en að margra hyggju hrakaði kunnáttu barna og ungs fólks í dönsku við það að hin vinsælu barnablöð um Andrés önd voru ekki lengur aðeins fánleg á dönsku. Á milli Íslands og Danmerkur er samningur um dönskukennslu á Íslandi og tel ég hann okkur Íslendingum mjög mikilvægan. Höldum áfram á markaðri braut í málefnum norrænna tungumála og gerum enn betur. Gleymum ekki táknmálinum og gætum þess ávallt að gefa því vægi við hæfi.

Skandinavisk oversættelse:

Fru President. Jag tackar för denna viktiga rapport om nordisk språkpolitik. Ett starkare nordiskt samarbete bygger inte minst på att vi kan kommunicera på de skandinaviska språken trots engelskans framfart. Därför är det viktigt att varje enskilt land har en politik som främjar en gemensam språkförståelse. Vi i mittengruppen ger vårt stöd till att man

starkt främjar en sådan politik. Vi tycker att det är särskilt viktigt att ungdomar kan förstå och göra sig förstådda på andra nordiska språk. Det finns exempel på populära TV-program som bidrar till detta mål. Den norska serien Skam är ett exempel på populär kultur som kan hjälpa till med att öppna dörren till ett annat nordiskt språk. Ett annat exempel är serien Bron där både danska och svenska används. Den isländska serien Fångade har varit populär överallt i Norden och ger en insikt i hur isländska talas i dag. För att ta ett annat exempel från mitt hemland Island så tyckte många att barn och ungdomars kunskaper i danska minskade när den populära tidningen Kalle Anka inte längre fanns enbart på danska. Island och Danmark har ett avtal om undervisning i danska på Island som jag tror är mycket viktigt för oss islänningar. Låt oss fortsätta på det spår som vi har stakat ut när det gäller de nordiska språken och ta tillvara på dem ännu bättre än förut. Vi måste också komma ihåg teckenspråket och se till att det alltid ges relevant stöd.

Information

Tal nummer

144

Typ

Indlæg

Person

[Ólafur Ísleifsson](#)

Speaker role

Midtergruppens talsperson

Datum

31.10.18 11:45

Ärende

[Redegjørelse om oppfølging av språkdeklarasjonen med landrapporter
\(Dokument 11/2018\)](#)